

**Nd.**

**560. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um laun embættismanna (þingskjal 539).

Flm.: Einar Arnórsson.

1. Við 25. gr.:

Síðari málsgr. orðist svo:

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 400 krónur upp í 4200 krónur.

2. Við 32. gr.:

a) 2. málsgr. orðist svo:

Fyrsti bókavörður hefir að byrjunarlaunum 3000 krónur, en launin hækka á hverjum 4 ára fresti um 400 kr. upp í 4200 krónur.

b) 3. málsgr. orðist svo:

Annar bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 og 400 kr. upp í 3000 krónur.

c) 5. málsgr. orðist svo:

Aðstoðarskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 3000 krónur, en launin hækka á hverjum 4 ára fresti um 400 kr. upp í 4200 krónur.

d) 6. málsgr. orðist svo:

Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 krónur, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 krónur.